



Fundargerð

**Svæðisráð vestursvæðis - 105. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn
Austurvegi 4, Hvolsvelli, 12. október 2022, kl. 15:30.**

Fundinn sátu:

Elín Heiða Valsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skaftárhrepps,
Práinn Ingólfsson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps,
Einar Örn Kristjánsson, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,
Ingibjörg Eiríksdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka,
Karl Ingólfsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Haukur Eggertsson, varafulltrúi
Samtaka útivistarféлага,
Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður,
Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Vatnajökulsþjóðgarðs.

1. Gestastofa á Kirkjubæjarklaustri, framkvæmd - 2110041

Staða í framkvæmdum við gestastofu, næstu skref.

Framkvæmd á áætlun. Búið að leggja allar heimtaugar inn í hús tengt ljósleiðara og rafmagni og koma vatnslögn inn í hús.

Síðasta steypa er í næstu viku tengt húsi og gluggar verða settir í byrjun nóvember. Sýningarundirbúningur er hafinn og fundað stíft þessa daga.

2. Rekstraráætlun - 2023 - 2208071

Starfsmannahald og aðrir áherslupættir í aðdraganda rekstraráætlunargerðar.

Undirbúningur rekstraáætlunar stendur yfir. Áherslupættir fyrir næsta ár er aukin landvarsla í Nýjadal og þriðji landvörðurinn hluta sumars í Eldgjá. Enn er óljóst hver starfsmannþörf er á nýrri gestastofu á næsta ári. Þörf er á lengingu starfstímabils í Hrauneyjum.

3. Vestursvæði - Skýrsla þjóðgarðsvarðar - 1912003

Yfirlit yfir helstu viðfangsefni haustsins og komandi vetrar.

Stærsta verkefni framundan er undirbúningur nýrrar gestastofu. Svo eru hefðbundin verkefni s.s. ratleikur, ævintýraskógur, skiltaverkefnið sem fékkst styrkur í, fréttabréf og ársskýrsla. Nýafstaðin rannsóknarferð JORFI og þjóðgarðsins, Ingibjörg sagði frá ferðinni, ekki fékkst niðurstaða um heppilega leið að jökli frá Jökulheimum. Stefnt að annarri ferð við hentugleika. Þjóðgarðsvörður og fleiri frá þjóðgarðinum funduðu með Sigurði Torfa hjá RML varðandi hugsanlegt samstarf í framhaldi af LOGN (landbúnaður og náttúruvernd) verkefninu, samstarfsverkefni Bændasamtaka Íslands og Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Ábending, það vantar nokkrar fundargerðir frá vestursvæði inn á heimasíðu þjóðgarðsins. Þær hafa ekki fundist en etv. mætti leita betur og annars skrá þær týndar inni á síðunni.

Fundargerð ritaði: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.
Fundi slitið kl. 17:30.